



Reykjavík, 23. janúar 2024

MSS24010133

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Úrsögn Reykjavíkurborgar úr Reykjanesfólkvangi

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 6. desember 2022 var samþykkt eftirfarandi tillaga um úrsögn Reykjavíkurborgar úr Reykjanesfólkvangi:

„Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið fái heimild til þess að segja upp samstarfssamningi vegna reksturs Reykjanesfólksvangs frá árinu 2024. Gert er ráð fyrir að tillagan skili 4.400 þ.kr. á ársgrundvelli. Samþykkt með 19 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna. Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.“

Ekki liggur fyrir samvinnusamningur um rekstur Reykjanesfólksvangs eins og ber að gera sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá hefur Umhverfisstofnun ekki lokið við gerð stjórnunar- og verndunaráætlunar fyrir fólkvanginn sem þeim ber að gera fyrir friðlýst svæði samkvæmt sömu lögum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stjórnar Reykjanesfólksvangs gegnum árin. Af þessum sökum meðal annars hefur umboð og hlutverk stjórnar fólksvangsins verið mjög óljóst. Reykjavíkurborg á hvorki land innan fólksvangsins né land sem liggur að honum og er það mat borgarinnar að ekki fari vel á því að borgin sé að hlutast til um málefni annarra sveitarfélaga sem hún á ekki beina aðkomu að. Auk þess er stór hluti fólksvangsins á ríkislandi sem setur spurningar við að svæðið sé friðlýst sem fólkvangur, enda fólkvangar fyrst og fremst hugsaðir sem friðlýst útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélaga á svæðum þeirra. Þá hefur, þrátt fyrir eignarhald, rekstur fólksvangsins verið kostaður af sveitarfélögunum hvort sem þau eiga þar land eður ei.

Af þessum ástæðum hefur sú ákvörðun verið tekin af hálfu Reykjavíkurborgar að ganga úr samstarfi um Reykjanesfólkvang með vísan til fyrrnefndrar ákvörðunar borgarstjórnar Reykjavíkur.

Hér með er Garðabæ tilkynnt um þessa ákvörðun Reykjavíkurborgar. Í framhaldinu mun Reykjavíkurborg hafa samband við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og óska eftir því að auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi nr. 520/1975 verði breytt til samræmis við framangreinda ákvörðun.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík

Samrit sent:

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar

Bæjarstjórn Voga

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar

Umhverfisstofnun

